

**Nd.**

**616. Frumvarp til laga**

[127. mál]

um áskorunarmál, viðauki við lög nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 265 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Samkvæmt þessum lögum mega fara fjárkröfur samkvæmt vixlum, tékkum, skuldabréfum og öðrum einhliða óskilyrtum skuldaviðurkenningum, svo og mál til heimtu peningaskulda, sem stafa af lausafjárkaupum, sbr. lög nr. 39 19. júní 1922, enda hafi þá stefnandi staðið við skuldbindingar af sinni hálfu.

4. gr. hljóðar svo:

Er stefnandi höfðar mál samkvæmt þessum lögum, skal hann snúa sér til dómara með stefnu í þririti, enda sé aðeins einum stefnt. Sé fleiri en einum stefnt, skal eintakafjöldi stefnu vera í samræmi við það, hversu mörgum er stefnt. Auk stefnu skal stefnandi sýna dómara skjal það, eða ljósrit þess, er hann reisir á dómkröfur sínar.

5. gr. hljóðar svo:

Er dómari hefur gengið úr skugga um, að mál megi reka samkvæmt þessum lögum, ritar hann eða stimplar á stefnu áskorun til stefnda að greiða stefnanda stefnukröfurnar. Dómari er óbundinn af ofangreindu álitinu sínu, er hann endanlega afgreiðir málið síðar. Áritunin skal innihalda áskorun til stefnda að greiða stefnanda stefnukröfurnar innan tveggja sólarhringa frá stefnubirtingu eða í síðasta lagi við þingfestingu málsins, ellegar mæta við þingfestingu og halda uppi lög-vörnum, þar eð annars megi hann búast við, að stefnukröfurnar verði gerðar að-fararhæfar gagnvart honum.

10. gr. hljóðar svo:

Nú verður útvíst af hálfu stefnda, án þess að haldið sé uppi vörnum, og ritar dómari þá eða stimplar, samkvæmt kröfu stefnanda, á frumrit stefnunnar, að dómkröfurnar, svo og upphæð málskostnaðar eftir ákvörðun dómara, séu aðfararhæfar að liðnum sjö sólarhringum frá birtingu, enda sé málatilbúningi stefnunnar í engu áfátt.

17. gr. hljóðar svo:

Að öðru leyti en nú hefur verið rakið skulu mál samkvæmt þessum lögum fara eftir gildandi reglum réttarfarslaga.